

Alþingi
Erindi nr. P 136/168
komudagur 21.11.2008



Alþingi-nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
ICELAND

Fornleifavernd ríkisins

Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími: 555 6630, Bréfasími: 555 6631
Heimasíða: www.fornleifavernd.is
kristinhuld@fornleifavernd.is

Reykjavík 20. nóvember 2008
Tilvísun: Fvr 2008110014 /KHS

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum um kirkjugarðar, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993 með síðari breytingum.

Alþingi hefur óskað eftir umsögn Fornleifaverndar ríkisins á ofangreindu lagafrumvarpi. Fornleifavernd ríkisins lýsir almennri ánægju sinni með breytingarnar. Stofnunin veur þó athygli á að samkvæmt þjóðminjalögum nr. 197/2001 teljast aflagðir kirkjugarðar, 100 ára og eldri, til fornleifa og falla því undir lögformlegt eftirlit og stjórnábyrgð Fornleifaverndar ríkisins til jafns við stjórnábyrgð kirkjugarðayfirvalda. Fornleifavernd ríkisins óskar því eftir að eftirfarandi breyting verði gerð á 24. gr. Lagafrumvarpsins:

24. gr.

Nú spillir uppblástur eða vatn niðurlögðum kirkjugarði og skal þá kirkjugarðsstjórn tafarlaust tilkynna það kirkjugarðaráði, sem gerir síðan þær ráðstafanir sem þurfa þykir, í samvinnu við minjafirvöld.

Virðingarfyllst

Kristín Huld Sigurðardóttir
Forstöðumaður